



Brunaáætlun Leikskóladeildar Seyðisfjarðarskóla

Brunaæfingar eru haldnar reglulega í samráði við slökkviliðsstjóra og er þá stuðst við eftirfarandi áætlun, þessari áætlun skal fylgja ef vart verður við eld í húsinu.

Brunaáætlun nemendaálma

1. Aðstoðarleikskólastjóri athugar með brunaboða og hvort eldur eða reykur sé sjáanlegur. Ef svo er hringir hann í 112.
2. Þegar heyrst í reykskynjara skipar deildastjóri nemendum að halda kyrru við og athugar hvað sé að gerast. Meta þarf hvort óhætt sé að fara yfir í starfsmannaálmu eða hvort nauðsynlegt sé að fara út úr húsinu.
3. Deildastjóri/starfsmaður telur börnin og lætur þau mynda röð. Leggur áherslu á að skilja eftir öll leikföng og aðra hluti. Deildastjóri/starfsmaður fer síðastur út úr stofunni og mikilvægt er að taka nemendalistann með sér.
4. **Safnast er saman í gangi í starfsmannaálmum.** Þegar allir hafa safnast saman í holinu er nafnakall. Mikilvægt er að eldvarnahurð sé lokuð á meðan beðið er eftir slökkviliðinu.
5. Ef aðstoðarskólastjóri metur eldinn það mikinn ganga nemendur út á spítala eftir að starfsmenn og nemendur koma saman og eftir nafnakall.

Brunaáætlun starfsmannaálma

1. Aðstoðarleikskólastjóri athugar með brunaboða og hvort eldur eða reykur sé sjáanlegur. Ef svo er hringir hann í 112.
2. Deildastjóri/starfsmaður telur börnin og lætur þau mynda röð. Leggur áherslu á að skilja eftir öll leikföng og aðra hluti. Deildastjóri/starfsmaður fer síðastur út úr stofunni og mikilvægt er að taka nemendalista með sér.
3. **Allir safnast saman í fataklefa og mikilvægt er að eldvarnahurð sé lokuð.**
4. Aðstoðarleikskólastjóri, starfsmaður í móttökueldhúsi og aðrir sem staddir eru í byggingunni fara yfir í fataklefann.
5. Þegar allir hafa safnast saman í fataklefa er nafnakall og mikilvægt er að eldvarnahurð sé lokuð á meðan beðið er eftir slökkviliðinu.
6. Ef aðstoðarskólastjóri metur eldinn það mikinn ganga nemendur út á spítala eftir að starfsmenn og nemendur koma saman og eftir nafnakall.

Áætlun

Brunaáætlunina skal kynna nýjum starfsmönnum og starfsfólki deildarinnar á fundi að haustlagi. Nauðsynlegt er að kynna sér teikningar af útgönguleiðum áður en bruni verður. Ef brunavarnarkerfið fer í gang, ber deildastjóra/starfsmanni að ganga úr skugga um hvort eldur eða reykur er í námunda við stofuna. Deildastjóra/starfsmanni ber að svara kalli og koma börnunum út úr byggingunni samkvæmt teikningu. Börnin eiga að ganga í röð, hægt og rólega og yfir í næstu byggingu. Deildastjóri/starfsmaður er alltaf síðastur út og hefur nemendalista meðferðis. Þegar hann telur að allir séu komnir út les hann upp og merkir við. Aðstoðarskólastjóri leita upplýsinga hjá deildastjóra/starfsmanni hvort allir eru komnir út og tilkynna



hvenær hættuástandi er aflétt. Um annað starfsfólk gildir sú regla að það starfsfólk hjálpar þeim sem næst þeim eru á líðandi stundu og aðstoða við fylgja börnunum út.

Gátlisti ef bruna ber að höndum:

- Preifa hurðar á stofunni til þess að athuga hvort þær eru heitar. Mikill hiti gefur til kynna að eldur sé fyrir utan
- Deildastjóri/starfsmaður verður að hlýða kalli tafarlaust og koma börnunum yfir í næstu álmu samkvæmt áætlun og velja til þess öruggustu leiðina.
- Börnin eiga að ganga út í röð, hægt og rólega, í næstu byggingu og vera hjá kennaranum sínum þangað til annað er ákveðið.
- Deildastjóri/starfsmaður er alltaf síðastur út
- Þegar nemendur eru komnir úr byggingunni er lesið eftir nafnalista.
- Kennarar láta skólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra strax vita ef einhvern vantar.
- Ef aðstoðarskólastjóri metur eldinn það mikinn ganga nemendur út á spítala eftir að starfsmenn og nemendur koma saman og eftir nafnakall.